

Óflokkuð efni - Hættulítill efni eða efni með óþekkta eiginleika

II. kafli CLP reglugerðar, sér í lagi 13. grein, kveður á um að flokka eigi öll efni með tilliti til þeirrar hættu sem af þeim stafar og skilgreind er í forsendum hættuflokkunar í I. viðauka. Það væri einstaklega óhentugt ef allir framleiðendur og innflytjendur sem flokka eiga efni réðust í slíka vinnu hver í sínu horni ef reikna má með að útkoman verði sú að efni teljist ekki vera hættulegt. Af þeim sökum eru hér gefnar leiðbeiningar um það hvaða efnahópar stuðla öðrum fremur að því að efni verði hættuleg og hvernig útiloka megi efni sem eru hættulítill eða hættulaus. Þessar leiðbeiningar skal ekki nota áður en flokkun efnis er flett upp heldur til að styðjast við ef efni er án nokkurs vafa óflokkað.

Heilsuhætta.

Ólífræn efni. Jónískar sameindir (sölt) sem innihalda eftirtaldar katjónir hafa í flestum tilfellum hættueiginleika (Pb, Hg, Cr, Cd, Ni,) eða eftirtaldar anjónir (krómat (CrO_x), nítrít (NO_2), F, P, S, CN). Hins vegar benda efnasambönd með katjónirnar (Cu, Fe, Ag, Al, Na, Mg, K, Ca, Zn) og anjónirnar (Cl, SO_4 , NO_3 , Br, PO_4 , O) til þess að efni sé hættulaust. Dæmi: CuO, Fe_2O_3 , KCl. Undantekning: AlCl_3 . Þessar jónir geta svo að sjálfsgöðu myndað hættuleg efnasambönd með hættulegum jónum. Dæmi: KCN og NiO_2 .

Lífræn efni. Sameindir með mólþunga > 300 sem innihalda ekki neina af eftirtöldum efnahópum (fenýl, sýanó, amínó, azó, imínó, nítró) má reikna með að séu hættulaus. Þetta á ekki síst við um langar kolefniskeðjur á borð við fitusýrur og afleiður þeirra (t.d. stearat og linólat). Lítil lífræn efnasambönd búa jafnan yfir einhverjum hættueiginleikum, ekki síst ef þau innihalda einingar eins og klór (Cl), bróm (Br), brennistein (tíó, S).

Efni með hátt eða lágt sýrustig (pH). Súr og basísk efni geta ýmist verið ætandi eða ertandi eftir því hve mikið frávik er frá hlutleysi (pH = 7). Efni sem innihalda eftirtalda efnahópa eru líkleg til að hafa hættueiginleika af þeim sökum (karbónat (CO_3), klórat, klórít, hýpóklórít (ClO_x), sulfít (SO_3), bórat (BO_x), hýdroxý (OH), hýdró (H^+), ammóníum (NH_4)).

Umhverfishætta.

Erfitt getur verið að setja viðmið um hættueiginleika efna gagnvart umhverfinu. Lífaðgengi efna (*bioavailability*) getur gefið sterka vísbendingu. Það getur átt við um málma og efni sem leysast ekki upp í vatni eða loða illa við jarðveg og set. Einnig mörg lífræn efni með einfalda efnasamsetningu sem blandast við vatn, brotna hratt og vel niður án þess að önnur og hættulegri efni verði til.

Hætta af völdum eðliseiginleika efna.

Algengasta hætta vegna eðliseiginleika efna (fyrir utan ætingu) er eldhætta. Miðað er við að blossamark efnis sé undir 60°C til að efni (vökví eða lofttegund) teljist vera eldfimt. Oxandi eiginleikar efna (efni sem geta magnað upp eld) má rekja til efnahópa eins og peroxy (-O-O-), perklór (ClO_4) eða annar efnahópur með forskeytið per-.

Efni sem falla undir viðauka IV og V í REACH um efni sem undanþegin eru skráningu má líta sem svo að séu hættulaus (að vetni undanskildu).

Tekið er fram að þessi samantekt getur á engan hátt gefið nákvæmt yfirlit um hættuflokkun efna og skal aðeins nota til viðmiðunar.